



# Ársskýrsla 2016



## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns .....	2
Frá framkvæmdastjóra AH .....	3
Frá forstjóra MS .....	3
Fulltrúar deilda .....	4
Stjórn Auðhumlu .....	5
Verðlaunahafar .....	6
Mjólkursamsalan ehf. ....	7
Tölulegar upplýsingar .....	8
Ársreikningur samstæðu 2016 .....	11
Áritun óháðra endurskoðenda .....	12
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra .....	14
Rekstrarreikningur ársins 2016 .....	15
Efnahagsreikningur .....	16
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016 .....	18
Skýringar .....	19



---

Útgefandi: Auðhumla, Austurvegi 65, 800 Selfoss  
Hönnun og umbrot: Auglýsingastofa Þórhildar  
Ljósmyndir: Þórhildur Jónsdóttir  
Ljósmynd af stjórnarformanni: Gunnar Leifur Jónasson  
Ljósmyndir af stjórn Auðhumlu og stjórn MS: Gunnar Leifur Jónasson  
Ljósmyndir af verðlaunahöfum: Garðar Eiríksson  
Prentun: Prentmet

---

# Ávarp stjórnarformanns

Egill Sigurðsson



## Árangur við ögrandi kringumstæður

Árið 2016 var metár í framleiðslu og sölu mjólkurafurða á Íslandi. Sala mæld á fitugrunni var 139 milljónir lítra og jókst um 5% milli ára. Salan fyrstu þrjá mánuði 2017 bendir til áframhaldandi söluaukningar. Framleiðslan 2016 var um 150 milljónir lítra. Afkoma Auðhumlusamstæðunnar árið 2016 var hagnaður eftir skatta að fjárhæð 364 milljónir króna en var 137 milljóna króna tap árið 2015. Það var því 501 milljónar viðsnúningur í rekstri samstæðunnar á milli ára. Jákvæða afkomu má fyrst og fremst rekja til tekna af erlendri starfsemi tengdri skyrstölu og söluhagnaðar af Bitruhálsi 2.

Á undanförunum 10 árum, frá því lögum var breytt 2004 til að gera fyrirtækjum í mjólkuriðnaði fært að vinna undir einni framleiðslustjórn, hefur orðið geysilega mikil framleiðniaukning í þessari atvinnugrein. Aukinni framleiðni hefur verið skilað til neytenda í lægra vöruverði og til bænda í herra hráefnisverði og lægri tilkostnaði við mjólkurflutninga. Um 70% meiri mjólk er nú unnin í mjólkuriðnaði á hvern starfsmann en við upphaf þessa breytingaskeiðs 2004.

Árleg hagræðing vegna breytinga í mjólkursöfnun, mjólkuriðnaði og vörudreifingu er metin á um þrjá milljarða króna. Meirihluta þessarar hagræðingar hefur verið skilað til neytenda í gegnum vöruverð, eða um 2/3 hlutum en 1/3 hefur gengið til bænda. Það er óhætt að fullyrða að settum markmiðum lagabreytingarinnar 2004 hafi verið náð og að árangurinn sé í raun langt umfram væntingar. Þetta tókst með því að sérhæfa vinnslustöðvar, fækka þeim og fjárfesta í tækninýjungum. Óhjákvæmilega leiddi það til um 30% fækkunar starfsfólks en stefnan var strax sett á að ná því fram sem mest með því að nýta eðlilega starfsmannaveltu. Þessi mikla sókn til hagræðingar hefur ekki verið á kostnað vöruframboðs og vöruþróunar. Mjólkursamsalan er talin í fremstu röð íslenskra fyrirtækja á því sviði og setur árlega á markað 25 nýjungar af ýmsu tagi. Markaðurinn hefur tekið þessu fagnandi, mjólkurframleiðsla í landinu hefur aukist um 28% og salan hefur aldrei verið meiri hér innanlands en árið 2016.

## Undarleg þrenning

Það virtist því einboðið að halda áfram á þessari braut, að efla mjólkurframleiðslu neytendum og bændum til heilla og byggja á þeim grunni sem lagður hefur verið á umliðnum árum. Þrátt fyrir hinn óumdeilda samfélagslega árangur hefur hins vegar ekki ríkt eindrægni og

sátt um þessa leið. Það er kannski eðlilegt að samtök innflutningsfyrirtækja berjast fyrir því að komast inn á þennan markað með innflutningsvörur í stað innlendrar framleiðslu. Það er hrein hagsmunabaráttu stórfyrirtækja þó að stundum sé reynt að dulbúa hana sem neytendabaráttu. Eðli þeirrararáttu hefur opinberast þegar augum hefur verið beint að því hvernig innflutningsfyrirtæki hafa skilað neytendum skattalækkunum sem hefðu átt að koma fram í lækkandi vöruverði. Í ljósi þess árangurs, sem hefur náðst, má hins vegar undarlegt telja að frá upphafi hefur fyrirkomulagið á mjólkurvörumarkaði mætt andstöðu Samkeppniseftirlitsins. Samkeppniseftirlitið hefur barist fyrir breytingu á búvörulögnum, jafnvel þó að lögin taki frá fyrirtækjum í greininni heimild til að verðleggja eigin vörur til að tryggja að þau misbeiti ekki þeirri stöðu sem heimildir til samvinnu og sameiningar í leit að hagræðingu skapa þeim. Samkeppniseftirlitinu hefur ekki dugað það vald sem því hefur verið fengið til að rannsaka, kveða upp dóma um eigin rannsóknir og ákvarða viðurlög í samkeppnismálum. Til viðbótar hefur stofnunin í raun viljað fá löggjafarvald. Þar með væri hringnum lokað og embættismenn engum háðir. Frá því Mjólkursamsalan var sett á laggirnar 2007 hefur Samkeppniseftirlitið itrekað reitt til höggs gagnvart félaginu en öllum þeim atilögum og málalíbúnaði hefur verið hrundið. Húslleit hefur engu skilað og Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur í tvígang hafnað málalíbúnaði stofnunarinnar eftir áralanga gallaða rannsóknarvinnu.

En nú hefur heildsölum og Samkeppniseftirlitinu borist óvæntur liðsauki. Nýr ráðherra landbúnaðarmála boðar og leggur fram drög að frumvarpi sem myndi, ef svo ólánlega vildi til að yrði að lögum, gjörbreyta á tiltölulega skömmum tíma því skipulagi sem unnið hefur verið eftir og skilað neytendum og bændum þeim ávinningi sem ég nefndi hér að framan. Á sama tíma beitir sami ráðherra sér fyrir því að allt fyrirkomulag á innflutningi á tolllausum ostum verði með þeim hætti að líkur eru á að stórskaði innlenda framleiðslu. Stjórnvöld ganga erinda þessara hagsmunaaðila án þess að láta meta með nokkrum hætti hvaða áhrif og skaða þessar breytingar á fyrirkomulagi á markaði kunna að valda. Þegar endurskipað var í endurskoðunarnefnd búvörusamninga, sem myndi að verulegu leyti rekstrarumgjörð mjólkuriðnaðarins, var höfuðið bitað af skömminni. Fulltrúa heildsala var boðið að koma og gæta sinna þröngu og skýru hagsmuna en afurðastöðvum 600 bænda var meinaður aðgangur að vinnunni. Afurðastöðvarnar hafa þegar skilað inn afar

vandaðri greinargerð og umsögn um frumvarpsdrögin og munu fylgja þeim eftir af fullum þunga. Til þess þarf liðsauka allra bænda hvar sem þeir geta beitt sér fyrir félög sín.

## Metárið 2016

Framleiðsla og sala mjólkur gekk vel á árinu 2016. Alls seldust ríflega 139 milljónir lítra mjólkur á fitugrunni og tæplega 130 milljónir lítra á próteingrunni. Greiðslumark ársins var 136 milljónir lítra en framleiðslan 150 milljónir lítra. Þessi staða skýrir í raun vel það margbrotna vídfangsefni sem afurðastöðvar í mjólkuriðnaði fást við. Annars vegar að vinna mikilvægt vöruþróunar- og markaðsstarf fyrir kúabændur sem hefur skilað glæsilegri 5% söluaukningu 2016 til viðbótar við vöxt undanfarinnar ára. Hins vegar að sinna birgðastýringu á markaði þar sem mikið misræmi er orðið í eftirspurn eftir verðefnum í mjólk. Það skiptir miklu að afurðafyrirtækin hafa á að skipa öflugum starfsfólki á öllum sviðum.

Framleiðendum Auðhumlu fækkaði um 38 á árinu. Það er miklu hraðari fækkun en verið hefur um langt árabil og voru innleggjendur 546 í árslok. Margt bendir til þess að viðlíka fækkun verði á yfirstandandi ári og að framleiðendur Auðhumlu verði nálægt 500 í árslok. Ný aðbúnaðarreglugerð og hvernig henni verður framfylgt hefur veruleg áhrif á þessa þróun. Við það bætist síðan óryggi um starfskilyrði.

Spá okkar er að framleiðslan liggja á bilinu 144 til 147 milljónir lítra á yfirstandandi ári. Sala er enn að aukast og ef söluaukning á árinu öllu verður 5%, eins og fyrstu þrjá mánuðina, verður sala um 147 milljónir lítra á fitugrunni. Ef söluaukningin verður 3% verður hún um 144 milljónir lítra.

Greiðslumark ársins er 144 milljónir lítra og miðað við spár gæti framleiðsla umfram greiðslumark orðið allt að þrjár milljónir lítra.

Ég vil að lokum þakka viðskiptavinum, bændum og öllu starfsfólki gott og árangursríkt starf og ég þakka einnig stjórnum fyrirtækja samstæðunnar og samstarfsaðilum fyrir traust og gott samstarf.

Egill Sigurðsson,  
stjórnarformaður Auðhumlu svf.

# Frá framkvæmdastjóra

Garðar Eiríksson



Árið 2016 var metár í mjólkurframleiðslu á Íslandi. Þakki eru færðar öllu starfsfólki fyrir gott starf í þágu íslenskra mjólkurframleiðenda en íslenskur mjólkur-iðnaður tókst á við þetta verkefni af mikilli einurð. Einnig ber að þakka neytendum sem velja hollar og góðar íslenskar mjólkurvörur enda hefur salan aldrei verið meiri.

Ímynd íslenskra mjólkurafurða er sterk og til að styrkja ímynd íslenskrar mjólkurframleiðslu enn frekar hefur verkefninu um Fyrirmyndarbúið verið hleypt af stokkunum frá 1. janúar 2017. Er verkefnið að erlendra fyrirmynd og þeim sem standast úttekt verður greitt álag

fyrir að gera betur en lágmarkskröfur kveða á um.

Hagnaður Auðhumlusamstæðunnar árið 2016 nam 364 milljónum króna. Eigið fé samstæðunnar í árslok var 7.506 milljónir króna og jókst um 282 milljónir. Hér munar mest um innleystan söluhagnað. Nokkrar eignabreytingar urðu á árinu en gömlu mjólkurstöðvarnar á Ísafirði og á Blönduósi voru seldar ásamt gamla Osta- og smjörsluhúsinu. Þá var keypt nýtt iðnaðarhúsnæði á Ísafirði sem er sérsniðið að starfsemi þar.

Í september tók Auðhumla yfir alla sölu á hrámjólk, bæði til dótturfélagsins MS og annarra aðila sem MS

hafði áður haft með höndum. Auðhumla kaupir í staðinn ákveðna þjónustu af MS samkvæmt samningi og með því er komið í veg fyrir rekstur á tvöföldu kerfi, s.s. vegna flutninga og birgðastýringar.

Í nýlegri skoðanakönnun, sem Auðhumla lét gera, kemur fram að bjartsýni ríkir hjá ungum bændum sem hyggjast fjárfesta og styrkja framleiðslu sína á næstu fimm árum. Það er gott að bjartsýni ríkir meðal þeirra sem eru að taka við keflinu þrátt fyrir pólitískt andstreymi nú um stundir.

# Frá forstjóra MS

Ari Edwald



Síðastliðið ár var Mjólkursamsölunni að mörgu leyti hagnafellt og ýmislegt þróað til betri vegar.

Vaðandi starfsumhverfið bar einna hæst að nýr samningur náðist milli bænda og ríkisins um stuðning við mjólkurframleiðslu til tíu ára, þar sem mögulegri endurskoðun innan samningstímans var markaður rammi, og Alþingi samþykkti lagabreytingar tengdar búvörusamningnum. Með hliðsjón af þeirri ábyrgð, sem forystumenn samfélagsins á hverjum tíma bera á samfelli í meðferð mikilvægra mála, hljóta flestir að hafa reiknað með því að við þá stefnumörkun yrði staðið af hálfu ríkisins og að ekki yrðu teknar U-beygjur sem valda myndu uppnámi í landbúnaði. Vegna framgöngu landbúnaðarráðherra ríkir því miður óvissa um þau mál um þessar mundir.

Þegar horft er til reksturs MS er efst í huga sá árangur sem hefur náðst, annars vegar í markaðs- og sölustarfi og hins vegar í því að framleiðsluvið félagsins, þar með talin mjólkursöfnun og flutningar, hefur farsællaga leyst það stóra verkefni að taka við og vinna í framleiðsluvörur alla þá mjólk sem framleidd var á síðasta ári. Eins og gefur að skilja liggur mikil vinna margra starfsmanna að baki þessum árangri. Það hefur því verið gaman að finna að eigendur félagsins gera sér vel grein fyrir þessu. Hefur mér verið ljúft að flytja

starfsfólki MS góðar kveðjur og þakklæti fyrir þeirra frammistöðu, m.a. frá deildarfundum Auðhumlu núna í marsmánuði.

Sigurvegaramir í söluþróun síðasta árs voru próteinríkar vörur með ágæta framlegð. Skyr, nýr skyrdrykkur og Hleðsla, samtals seldust þessir þrjú vöruflokkar fyrir um 1.600 milljónir króna og nam söluaukning milli ára um hálfum milljarði. Söluaukning í heild nam um 1.660 milljónum króna og nam heildarsalan um 28 milljörðum sem var 7,7% aukning milli ára. Það er mesta söluaukning síðan 2009. 277 milljóna króna hagnaður var af rekstri MS. Afkoman batnaði um 608 milljónir króna milli ára en þar ræður mestu að eigendur Mjólkursamsölnnar tóku á sig kostnað við að greiða hærra verð fyrir umfram mjólk en ráðstöfun hennar stóð undir. Á árinu 2017 mun MS hins vegar miða greiðslur fyrir umfram mjólk við áætlaðar tekjur af ráðstöfun hennar. Það er ein af forsendunum fyrir því að gert er ráð fyrir batnandi rekstri MS á þessu ári.

Skýrsala á erlendum markaði jókst á síðasta ári og seldu MS og samstarfsaðilar tæp 13.000 tonn af skýri erlendis. Heildarvelta af eigin skýrsölu og leyfisgjöldum var á árinu 2016 yfir þrjú milljarðar og skilaði þessi erlenda starfsemi ágætis hagnaði á síðasta ári. Þróun gengis íslensku krónunnar hefur þó haft neikvæð áhrif

á tekjurnar. Þá var kynnt til leiks nýtt alþjóðlegt vörumerki fyrir skyr, Ísey skyr, sem hefur verið skráð um allan heim. Vonir eru um að nýtt vörumerki, sem nýtur skráningarverndar, muni treysta samkeppnistöðu MS til framtíðar og vernda betur þau verðmæti sem fyrir-tækið er að byggja upp á erlendum markaði.

Einnig ýtti MS undir nýsköpun og innlenda matvælaframleiðslu með þátttöku í Landbúnaðarklasanum og gerði samkomulag við um tíu sprotafyrirtæki um samstarf og vörubrúun.

Mikil tækifæri liggja í því að nýta betur afgangsafurðir sem falla til við framleiðslu mjólkurafurða og eru ekki söluvara í dag, svo sem ostamysu. Þar er auk þess um að ræða stórt umhverfismál. Á þessu ári er áætlað að verksmiðja í eigu Heilsupróteins ehf., sem er til helminga í eigu MS og KS, hefji framleiðslu á hágæða próteini úr ostamysu sem ekki er nýtt í dag. Er áætlað að framleidd verði um 300 tonn árlega. Auk þess eru til skoðunar ýmsir möguleikar á frekari nýtingu mysunnar og fleiri afgangsafurða.

Mjólkursamsalan þakkar Auðhumlu og mjólkurframleiðendum gott samstarf á síðasta ári.

# Fulltrúar deilda Auðhumlu

á aðalfundi 21. apríl 2017

## Austurlandsdeild

Aðalfulltr.: Gunnar Jónsson  
Jón Steinar Elísson  
Halldóra Andrésdóttir

Varafultr.: Björgvin Gunnarsson  
Halldór Sigurðsson

Egilsstöðum  
Hallfreðarstöðum 2  
Engihlíð

Núpi  
Hjartarstöðum 1

## Austur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.: Sæmundur Jón Jónsson

Varafultr.: Eiríkur Egilsson

Árbæ

Seljavöllum

## Vestur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.: Kjartan Magnússon  
Magnús Sigurjónsson  
Jóhannes Gissurarson

Varafultr.: Bjarni Bjarnason  
Sigurjón Eyjólfsson  
Valmundur Guðmundsson

Fagurhlíð  
Pétursey I  
Herjólfstöðum

Hraunkoti  
Eystri-Pétursey  
Eystra-Hrauni

## Eyjafjalladeild

Aðalfulltr.: Ármann Fannar Magnússon  
Magðalena Jónsdóttir

Varafultr.: Sigríður Björk Ólafsdóttir  
Ragnar Lárusson

Hrútafelli  
Drangshlíðardal

Fit  
Stóra-Dal

## Landeyjadeild

Aðalfulltr.: Rafn Bergsson  
Sævar Einarsson  
Axel Sveinbjörnsson

Varafultr.: Jóhann Nikulásson  
Karl Geir Sverrisson  
Svanhildur Guðjónsdóttir

Hólmahjáleigu  
Stíflu  
Hólmum

Stóru-Hildisey 2  
Seli  
Grímsstöðum

## Fljótshlíðar-, Hvals- og Rangárvalladeild

Aðalfulltr.: Birkir Arnar Tómasson  
Ólafur Þorri Gunnarsson

Varafultr.: Páll Eggertsson  
Guðmundur Ómar Helgason

Móeiðarhvoli  
Bollakoti

Kirkjulæk  
Lambhaga

## Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild

Aðalfulltr.: Hannes Ólafsson  
Daníel Magnússon

Varafultr.: Ágúst Sæmundsson  
Borghildur Kristinsdóttir

Austvaðsholti  
Akbraut

Bjólu  
Skarði

## Uppsveitadeild

Aðalfulltr.: Óttar Bragi Þráinsson  
Eiríkur Jónsson

Miklholti  
Gýgjarhólskoti

Jórunn Svavarsdóttir  
Hörður Óli Guðmundsson  
Samúel U. Eyjólfsson  
Sigríður Jónsdóttir

Drumboddsstöðum  
Haga  
Bryðjuholti  
Fossi

Varafultr.: Jón Viðar Finnsson  
Hermann Geir Karlsson  
Ragnhildur Sævarsdóttir  
Páll Jóhannsson  
Ásmundur Lárusson  
Jón Vilmundsson

Dalbæ  
Miðdalskoti  
Hjálmstöðum  
Núpstúni  
Norðurgarði  
Skeiðháholti

## Flóa- og Ölfusdeild

Aðalfulltr.: Hrafnhildur Baldursdóttir  
Ágúst Guðjónsson  
Stefán Geirsson  
Pétur Guðmundsson

Varafultr.: Fanney Ólafsdóttir  
Haraldur Einarsson  
Rita Pía Simone

Litla-Ármóti  
Læk  
Gerðum  
Hvammi

Hurðarbaki  
Urriðafossi  
Kolholsthelli

## Hvalfjarðardeild

Aðalfulltr.: Haraldur Magnússon  
Ásthildur Skjaldardóttir

Varafultr.: Guðmundur Magnússon  
Lilja Guðrún Eyþórsdóttir

Belgsholti  
Bakka

Káraneskoti  
Vestra-Reyni

## Borgarfjarðardeild

Aðalfulltr.: Jón Gíslason  
Birna Hauksdóttir

Varafultr.: Egill Gunnarsson  
Jón Björnsson

Lundi 1  
Skáney

Hvanneyri  
Deildartungu

## Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild

Aðalfulltr.: Laufey Bjarnadóttir  
Sigmundur H. Sigmundsson  
Jón Svavar Þórðarson  
Hallur Pálsson

Varafultr.: Pétur Diðriksson  
Sigurjón Helgason  
Jóhannes Eyberg Ragnarsson

Stakkhamri  
Mið-Görðum  
Ölkeldu III  
Naustum

Helgavatni  
Mel  
Hraunhálsi

## Breiðafjarðardeild

Aðalfulltr.: Þorgrímur Guðbjartsson  
Árni Brynjólfsson  
Gústaf Jökull Ólafsson

Varafultr.: Jón Egill Jóhannsson  
Sunna Rey Sigurjónsdóttir

Erpsstöðum  
Vöðlum  
Miðjanesi

Skerðingsstöðum  
Ósi

# Stjórn Auðhumla



Aftari röð f.v.: Jóhanna Hreinsdóttir, Sæmundur Jón Jónsson, Garðar Eiríksson og Ásvaldur Ævar Þormóðsson.  
Fremri röð f.v.: Elín M. Stefánsdóttir, Egill Sigurðsson, Birna Þorsteinsdóttir og Jóhannes Torfason.

## Starfssvæði Auðhumla



■ Starfssvæðið

### Formaður

Egill Sigurðsson, Berustöðum

### Varaformaður

Jóhannes Torfason, Torfalæk

### Ritari

Birna Þorsteinsdóttir, Reykjum

### Meðstjórnendur

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Stóru-Tjörnum  
Elín M. Stefánsdóttir, Fellshlíð  
Jóhanna Hreinsdóttir, Káraneskoti  
Sæmundur Jón Jónsson, Árbæ

### Varamenn

Jórunn Svavarsdóttir, Drumboddsstöðum  
Laufey Bjarnadóttir, Stakkhamri  
Pétur Diðriksson, Helgavatni

### Skoðunarmenn

Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti I  
Hannes Ólafsson, Austvaðsholti

### Varaskoðunarmenn

Geir Árdal, Dæli  
Magnús Hannesson, Eystri-Leirargörðum

### Framkvæmdastjóri

Garðar Eiríksson

### Vestur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.: Valgerður Kristjánsdóttir  
Guðrún Eik Skúladóttir

Mýrum III  
Tannstaðabakka

Varafulltr.: Gísli G. Magnússon  
Pétur Sigurvaldason

Staðarbakka  
Neðri-Torfustöðum

### Austur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.: Jóhannes Torfason  
Sigurður Magnússon  
Jón Gíslason

Torfalæk 2  
Hnjúki  
Stóra-Búrfelli

Varafulltr.: Ingvar Björnsson  
Gróa Lárusdóttir  
Linda B. Ævarsdóttir

Hólabaki  
Brúsastöðum  
Steinnjarstöðum

### Norðausturdeild

Aðalfulltr.: Sveinbjörn Sigurðsson

Búvöllum

Ásvaldur Þormóðsson  
Aðalsteinn Hallgrímsson  
Gunnhildur Gylfadóttir  
Elín M. Stefánsdóttir  
Arnar Árnason  
Hávar Sigtryggsson  
Hermann Ingi Gunnarsson  
Þórólfur Óskarsson  
Guðmundur Óskarsson  
Sif Jónsdóttir  
Trausti Þórisson

Stóru-Tjörnum  
Garði  
Steindyrum  
Fellshlíð  
Hranastöðum  
Hríflu  
Klauf  
Grænuhlíð  
Hríshóli  
Laxamýri  
Hofsá

Varafulltr.: Birgir Arason  
Hákon Harðarson  
Aðalsteinn Hreinsson  
Hilmar Kári Þráinsson

Gullbrekku  
Svertingsstöðum 2  
Auðnum  
Reykjarhóli

Alls 54 fulltrúar

# Verðlaunahafar 2016




Verðlaunahafar í Rangárvallasýslu ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Verðlaunahafar í Flóa- og Ölfusdeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Verðlaunahafar í Uppsveitadeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Verðlaunahafar í Norðausturdeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Akureyri.



Verðlaunahafar V-Húnaþingsdeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Verðlaunahafar á Vesturlandi ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.

Innl.númer	Nafn	Heimili	Deild
13529	Steinþór Torfason	Hala	Austur-Skaftafellsdeild
20321	Ragnar F. Sig/Hrafnhildur Baldursdóttir	Litla-Ármóti	Flóa- og Ölfusdeild
22349	Halldór Guðmundsson	Nautafötum	Flóa- og Ölfusdeild
22355	Pétur og Charlotte	Hvammi	Flóa- og Ölfusdeild
20605	Fossi ehf.	Fossi	Uppsveitadeild
20608	Samúel og Þórunn	Bryðjuholti	Uppsveitadeild
20618	Gunnar K. Eiríksson	Túnsbergi I	Uppsveitadeild
20619	Bragi Víðar Gunnarsson	Túnsbergi I	Uppsveitadeild
20628	Jóhann og Esther	Sólheimum	Uppsveitadeild
22202	Páll I. Árnason/Kirsten Anita J.	Haga	Uppsveitadeild
21656	Hermann Geir Karlsson	Miðdalskoti	Uppsveitadeild
20948	Kristinn Guðnason/Elín Guðjónsdóttir	Þverlæk	Holta-, Landm-, Ása- og Djúpárdeild
21335	Teigur 1 sf.	Teigi	Fljótshl., Hvals- og Rangárvalladeild
22033	Axel og Silja	Hólumum	Landeyjajadeild
22612	Sigurjón Eyjólfsson	Eystri-Pétursey	Vestur-Skaftafellsdeild
30018	Sigvaldi Jónsson	Hægindi	Borgarfjarðardeild
30022	Þorvaldur Jónsson	Brekukoti	Borgarfjarðardeild
30592	Sigurjón Grétarsson	Furubrekku	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
36306	Ásthildur og Birgir	Bakka	Hvalfjarðardeild
40116	Kristján Högni Jónsson	Ósi	Breiðafjarðardeild
47225	Félagsbúið Stað sf.	Stað	Breiðafjarðardeild
58511	Pétur Sigvaldason	Neðri-Torfustöðum	Vestur-Húnaþingsdeild
58605	Márek ehf.	Tannstaðabakka	Vestur-Húnaþingsdeild
60008	Helgi Þórrsson/Beate Stormo	Kristnesi	Norðausturdeild
60034	Þórir Nielsson/Sara María	Torfum	Norðausturdeild
60089	Árni Sigurlaugsson	Villingadal	Norðausturdeild
60093	Hlynur Þórrsson	Akri	Norðausturdeild
60101	Hermann Ingi Gunnarsson	Klauf	Norðausturdeild
60490	Sveinn Kjartan Sverrisson	Melum	Norðausturdeild
60518	Urðarbúið	Urðum	Norðausturdeild
60613	Félagsbúið Böðvarnesi	Böðvarnesi	Norðausturdeild
60615	Karl Björnsson	Veisu	Norðausturdeild
68234	Sveinbjörn Þór Sigurðsson	Búvöllum	Norðausturdeild
68403	Ingjaldsstaðabú ehf.	Ingjaldsstöðum	Norðausturdeild

Fjöldi: 34

Reglur um verðlaunaveitingu fyrir mjólk í 1. flokk A eru þessar:

Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins.

Mörk fyrir 1. flokk A eru þau að beint meðaltal líftölu sé jafnt eða minna en 20 þús., en einnig að engin einstök mæling fari yfir 40.000., faldmeðaltal mánaðarins á frumum sé undir 200 þús., að engar lyfjaleifar finnast í mánuðinum og faldmeðaltal frírra fitusýra sé jafnt eða minna en 0,9 mmol/l.



Verðlaunahafi V-Skaftafellsdeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Verðlaunahafi A-Skaftafells. ásamt mjólkurbússtjóra MS Egilsstöðum.

# Mjólkursamsalan ehf. 2016



Aftari röð f.v.: Þórólfur Gíslason, Jóhanna Hreinsdóttir, Ari Edwald, Sigurjón Rúnar Rafnsson, Sæmundur Jón Jónsson og Ásvaldur Þormóðsson. Fremri röð f.v.: Laufey Bjarnadóttir, Elín Margrét Stefánsdóttir, Egill Sigurðsson, Birna Þorsteinsdóttir og Jóhannes Torfason.

## Stjórn Mjólkursamsölnunar ehf. skipuðu:

Egill Sigurðsson, formaður  
Þórólfur Gíslason, varaformaður  
Birna Þorsteinsdóttir, meðstjórnandi  
Elín Margrét Stefánsdóttir, meðstjórnandi  
Jóhannes Torfason, meðstjórnandi

## Varamenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson  
Jóhanna Hreinsdóttir  
Laufey Bjarnadóttir  
Sigurjón Rúnar Rafnsson  
Sæmundur Jón Jónsson

## Forstjóri:

Ari Edwald

## Endurskoðendur:

Deloitte  
Benóní Torfi Eggertsson endurskoðandi  
Ásbjörn Guðmundsson endurskoðandi

## Viðsnúningur í rekstri

Sala á vörum MS var góð á árinu 2016. Félagið náði markmiðum sínum um tekjur og kostnað í sölu- og markaðsstarfi. Alls voru seld 11.554 tonn af birgðavörum og 47,9 milljónir lítra af ferskvörum. Að auki voru framleidd rúmlega 4.500 tonn af skyri í Danmörku á vegum Mjólkursamsölnunar og flutt til Finnlands.

Árið 2016 var 277 milljóna króna hagnaður af rekstri Mjólkursamsölnunar. Afkoman batnaði um 608 milljónir króna milli ára. Sá afkomubati er að nær öllu leyti kominn til vegna þess að eigendur Mjólkursamsölnunar tóku á sig stóran hluta af tapi vegna umframmjólkur. Afkoman af innanlandsmarkaði batnaði örlítið milli ára, m.a. vegna aukinnar sölu og þá sérstaklega á skyri. Þann 1. júlí hækkaði verðlagsnefnd verð til bænda um 2,1% og heildsöluverð mjólkur almennt um 2,5%. Þá var ákveðin í leiðinni 20% lækkun á dufti til að mæta áhrifum af nýjum tollasamningi við ESB. Tekjur af erlendra starfsemi, leyfisgjöld og útflutningur, hækkðu um rúmar 300 milljónir króna á milli ára en veiking krónunnar tók sinn toll af afkomunni þar. Heildareignir Mjólkursamsölnunar voru 11.787 milljónir króna í árslok og eigið fé 4.590 milljónir króna, það samsvarar 38,9% eiginfjárhlutfalli. Eignfærðar fjárfestingar árið 2016 voru 913 milljónir króna.

Á miðju ári lagði Samkeppniseftirlitið sekt á félagið að fjárhæð 440 milljónir króna vegna meintra brota á samkeppnislögum og 40 milljónir króna vegna ásakana um að félagið hafi leynt gögnum. Félagið áfrýjaði

## Sala 2016

Flokkur	Selt magn	Innanlands	Útflutningur
Ferskvörur	47.885	46.138	1.747
Viðbit	2.765	2.293	472
Ostar	6.298	6.139	159
Duft	2.491	1.111	1.380

úrskurði Samkeppniseftirlitsins til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem sneri við úrskurði Samkeppniseftirlitsins um meint brot á samkeppnislögum og felldi niður sektina sem sneri að því máli.

Í september tók Auðhumla yfir sölu Mjólkursamsölnunar á hrámjól til annarra vinnslufyrirtækja en þetta var gert til að skilja betur að vinnslu og dreifingu hrámjólur að kröfu Samkeppniseftirlitsins.


Stöðugildi árið 2016 voru 432 og fjölgaði um 4,1%. Starfsemin fór fram á sex starfsstöðum um land allt. Félagið hefur unnið að skipulagsbreytingum í framleiðslunni sem hafa skapað umtalsverð tækifæri til að lækka kostnað. Nú er unnið að breytingum í mjólkursöfnun og dreifingu á vörum á Norðausturlandi. Þegar þær aðgerðir hafa að fullu skilað sér inn í reksturinn verður ekki hægt að skapa þar viðbótarsvigrúm til hráfnisverðhækkana umfram markaðsverðhækkunar. Hagræðing undanfarinna ára hefur byggt á vinnu, þolinmæði, frumkvæði og þátttöku alls starfsfólks. Það verðskuldar miklar þakkar.




# Tölulegar upplýsingar




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2016  
umreiknuð í lítra m.v. fitu




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2016  
umreiknuð í lítra m.v. prótein



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2016  
umreiknuð í lítra m.v. fitu



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2016  
umreiknuð í lítra m.v. prótein



## Mjólkurinnlegg hjá Auðhumla

Árið 2016	Árið 2015	Breyting 2016-2015	
		Lítrar	Hlutfall
11.156.342	10.512.229	644.113	6,13%
11.581.718	9.974.580	1.607.138	16,11%
12.308.858	11.282.276	1.026.582	9,10%
11.989.384	11.065.139	924.245	8,35%
12.558.158	11.641.525	916.633	7,87%
11.993.342	11.884.783	108.559	0,91%
11.150.569	11.728.185	-577.616	-4,93%
11.365.540	11.031.784	333.756	3,03%
10.184.368	10.577.952	-393.584	-3,72%
9.995.560	10.443.231	-447.671	-4,29%
10.067.923	10.359.791	-291.868	-2,82%
10.660.841	11.309.340	-648.499	-5,73%
135.012.603	131.810.815	3.201.788	2,43%

## Heildarmjólkurinnlegg á landinu

Árið 2016	Árið 2015	Breyting 2016-2015	
		Lítrar	Hlutfall
12.398.159	11.651.471	746.688	6,41%
12.890.640	11.016.537	1.874.103	17,01%
13.684.325	12.438.916	1.245.409	10,01%
13.322.546	12.206.753	1.115.793	9,14%
13.952.539	12.814.294	1.138.245	8,88%
13.341.664	13.112.800	228.864	1,75%
12.419.568	13.001.215	-581.647	-4,47%
12.670.751	12.249.001	421.750	3,44%
11.347.143	11.752.852	-405.709	-3,45%
11.158.198	11.623.370	-465.172	-4,00%
11.233.893	11.553.457	-319.564	-2,77%
11.903.055	12.613.767	-710.712	-5,63%
150.322.481	146.034.433	4.288.048	2,94%

# Tölulegar upplýsingar



## Fjöldi innleggjenda í deildum 2016 og 2015

Nafn deildar	31.12. 2016	31.12. 2015	Mismunur
Austurlandsdeild	24	25	-1
Austur-Skaftafellsdeild	10	10	0
	34	35	
Vestur-Skaftafellsdeild	28	34	-6
Eyjafjalladeild	21	21	0
Landeyjædeild	28	27	1
Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild	17	19	-2
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpardeild	21	21	0
Uppsveitadeild	71	71	0
Flóa- og Ölfusdeild	39	39	0
	225	232	
Hvalfjarðardeild	20	22	-2
Borgarfjarðardeild	17	20	-3
Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild	39	43	-4
	76	85	
Breiðafjarðardeild	28	31	-3
Vestur-Húnaþingsdeild	19	21	-2
Austur-Húnaþingsdeild	28	28	0
Norðausturdeild	136	152	-16
	183	201	
Alls Auðhumla	546	584	-38

## Fjöldi kúabúa með innlegg á árinu og/eða greiðslumark í lok árs

	Fjöldi innleggjenda		2016						2015					
			greiðslumark á kúabú í þús. lítrum						greiðslumark á kúabú í þús. lítrum					
	2016	2015	<50 þús.	50-100 þús.	100-200 þús.	200-300 þús.	>300 þús.	Meðaltal pr. kúabú	<50 þús.	50-100 þús.	100-200 þús.	200-300 þús.	>300 þús.	Meðaltal pr. kúabú
MS Egilsstöðum	35	37	3	6	11	4	11	228.390	6	4	10	6	11	223.549
MS Selfossi	365	339	19	33	139	88	86	207.819	26	38	127	88	60	203.397
MS Búðardal	31	39	1	3	16	6	5	163.299	4	8	18	6	3	145.094
MS Akureyri	151	211	6	23	42	36	44	234.092	12	33	74	57	35	204.072
Auðhumla	582	626	29	65	208	134	146	230.897	48	83	229	157	109	201.183

# Tölulegar upplýsingar




## Fitu- og próteininnihald mjólkur eftir deildum (meðaltal)

Heiti deildar	Meðalfita	Meðalfita	Meðalprótein	Meðalprótein
	2016	2015	2016	2015
Austurlandsdeild	4,08	4,12	3,28	3,35
Austur-Skaftafellsdeild	4,18	4,22	3,20	3,32
Vestur-Skaftafellsdeild	4,10	4,10	3,28	3,30
Eyjafjalladeild	4,14	4,13	3,28	3,30
Landeyjadeild	4,15	4,13	3,29	3,32
Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild	4,16	4,13	3,30	3,30
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild	4,13	4,12	3,30	3,33
Uppsveitadeild	4,14	4,14	3,27	3,30
Flóa- og Ölfusdeild	4,15	4,13	3,29	3,32
Hvalfjarðardeild	4,10	4,10	3,25	3,26
Borgarfjarðardeild	4,17	4,08	3,29	3,28
Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild	4,16	4,13	3,24	3,25
Breiðfjarðardeild	4,11	4,08	3,28	3,27
Vestur-Húnaþingsdeild	4,17	4,17	3,25	3,29
Austur-Húnaþingsdeild	4,11	4,06	3,29	3,31
Norðausturdeild	4,15	4,09	3,32	3,35
Auðhumla	4,14	4,11	3,29	3,31

## Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2016 AH og KS

Afurðastöðvar	Framleitt innan gr.marks	Framleitt umfram samning	Framleitt alls
Auðhumla svf.	126.566.038	8.446.565	135.012.603
Mjólkursamlag KS	14.743.132	566.746	15.309.878
Heimavinnsla innif. hjá AH	70.740		0
Til leiðr. hjá MAST ótalið hjá KS	0		0
Samtals Auðhumla og KS	141.309.170	9.013.311	150.322.481

Heimild: Búnaðarstofa og aðildarfélag SAM



# Ársreikningur samstæðu 2016

# Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og félagsaðila Auðhumlu svf.

---

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Auðhumlu svf. fyrir árið 2016. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Auðhumlu svf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela ársskýrslu Auðhumlu svf. að undanskildum samstæðuársreikningnum og áritun okkar á hann.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um né veitum staðfestingu á efni þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðu-

ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Auðhumlu svf. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar veru-

legar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðu-  
ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggist á faglegri  
dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum  
einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum,  
hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endur-  
skoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunar-  
gagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á  
að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva  
ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals,  
misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt  
eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að  
hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki í þeim tilgangi að veita álit  
á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir, sem notaðar eru, og tengdar skýringar séu  
viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á  
grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða  
hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um  
rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að

vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun  
okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri  
áritun. Niðurstaða okkar byggist á endurskoðunargögnum sem aflað er fram  
að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í  
fram tíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af  
undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu,  
innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til  
glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga  
innan samstæðunnar til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við  
erum ábyrgir fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar.  
Við berum einir ábyrgð á álit okkar.
- Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og  
tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun  
okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endur-  
skoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 4. apríl 2017

#### Deloitte ehf.

Benóní Torfi Eggertsson  
endurskoðandi

Ásbjörn Guðmundsson  
endurskoðandi

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Auðhumlu svf., höfum farið yfir samstæðuársreikning þennan.  
Við teljum að hann sé í samræmi við ákvæði laga og samþykkt félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

#### Kjörnir skoðunarmenn

Hannes Ólafsson

Eiríkur Jónsson

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Auðhumla svf. er samvinnufélag og tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum er að taka á móti mjólk frá félagsmönnum, breyta henni í söluhæfa vöru, dreifa henni og selja fyrir sem best verð. Félaginu er heimilt að reka aðra starfsemi sem gæti dregið úr rekstrarkostnaði félagsins og verið til hagræðis og styrktar fyrir félagið og félagsaðila.

Ársreikningur samstæðu Auðhumlu svf. fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðuársreikning Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar fyrir árið 2016.

Auðhumla svf. er í eigu mjólkurframleiðenda á félagssvæði sínu. Félagið er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög. Stjórn félagsins er skipuð 7 aðalmönnum og eru það 4 karlar og 3 konur. Varamenn eru 3, 1 karl og 2 konur.

Á miðju ári lagði Samkeppniseftirlitið sekt á dótturfélag félagsins að fjárhæð kr. 440.000.000 vegna meintra brota á samkeppnislögum og kr. 40.000.000 vegna ásakana um að félagið hefði leynt gögnum. Dótturfélagið áfrýjaði úrskurði Samkeppniseftirlitsins til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem sneri við úrskurði Samkeppniseftirlitsins um meint brot á samkeppnislögum og felldi niður sektina sem sneri að því máli. Samkeppniseftirlitið hefur lýst því yfir að það muni áfrýja þessari niðurstöðu til Héraðsdóms.

Frá 1. september hefur Auðhumla svf. annast alla sölu á hrámjólk, bæði til dótturfélags og annarra aðila sem dótturfélagið hafði áður með höndum.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur hagnaður ársins 363,7 milljónum króna. Eigið fé samstæðunnar samkvæmt efnahagsreikningi er í árslok 7.505 milljónir króna en var í ársbyrjun 7.224 milljónir króna. Á árinu störfuðu að meðaltali 433 starfsmenn hjá fyrirtækinu og dótturfélögum þess og námu heildarlaunagreiðslur 3.183 milljónum króna.

Inneign í stofnsjóði í árslok nemur kr. 2.339.480.948 og skiptist á milli 642 aðila en í upphafi árs á milli 662 aðila. Tillag ársins frá félagsaðilum nemur kr. 46.269.248 og vextir af stofnsjóði eru kr. 111.621.160. Úr stofnsjóði eru greiddar kr. 150.977.967.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður meirihlutaeigenda á árinu, kr. 335.984.615, verði færður til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Í júní 2016 voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og tóku þær breytingar gildi frá og með 1. janúar 2016. Á meðal þessara breytinga voru auknar kröfur um upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar sem og viðbótarkröfur fyrir félög sem teljast til eininga tengdum almannahagsmunum eða yfir stærðarmörkum stórra félaga. Þau félög skulu birta yfirlit með skýrslu stjórnar þar sem fram koma upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Í yfirlitinu ber einnig að greina frá stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum ásamt því að innihalda stutta lýsingu á viðskiptalíkani félagsins og viðeigandi ófjárhagslegum lykilmælikvörðum. Lögin gera þá kröfu að hafi félagið ekki stefnu í tengslum við eitt eða fleiri mál samkvæmt lagagreininni skal gera skýra og rökstudda grein fyrir því í yfirlitinu.

Félagið telst vera stórt félag samkvæmt lögum um ársreikninga og fellur það því undir þessar kröfur. Kröfurnar koma til vegna innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins. Fyrir aðildarríki Evrópusambandsins gildir fyrrgreint ákvæði frá og með árinu 2017 og hafa leiðbeiningar Evrópusambandsins vegna innleiðingar þess ekki verið birtar.

Vegna þess skamma tíma, sem leið frá lagabreytingunum til loka reikningsárs, hefur félaginu ekki tekist að ljúka innleiðingu á þessu ákvæði. Innleiðingin mun eiga sér stað að fullu á árinu 2017 og fyrrgreindar upplýsingar munu verða birtar frá og með næsta samstæðuársreikningi.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Auðhumlu svf. koma fram í samstæðu-ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Auðhumlu svf. staðfesta hér með ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 4. apríl 2017

## Í stjórn

Egill Sigurðsson  
stjórnarformaður

Ástvaldur Þormóðsson

Elín M. Stefánsdóttir

Jóhannes Torfason

Birna Þorsteinsdóttir

Jóhanna Hreinsdóttir

Sæmundur Jón Jónsson

## Framkvæmdastjóri

Garðar Eiríksson

# Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur .....		28.731.577.287	26.674.678.510
Aðrar tekjur .....		1.386.087.573	820.458.761
Kostnaðarverð seldra vara .....		(21.542.732.941)	(20.465.422.109)
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	3	(3.984.730.054)	(3.554.111.835)
Annar rekstrarkostnaður .....		(2.877.612.454)	(2.595.736.373)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir</b>		1.712.589.411	879.866.954
Afskriftir .....	7	(798.519.675)	(769.141.942)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		914.069.736	110.725.012
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....	8	(1.158.691)	(7.536.486)
